


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		
Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH 203 Kennsluáætlun haustannar 2010		

Kennari:	Halldór Torfi Torfason	Sk.stöfun:	HTT
		Stofa:	B02

Áfangalýsing

Nemendur fá þjálfun í lestri og gerð byggingateikninga með áherslu á timburhús og þakvirki. Fjallað er um almenna bygginga-uppdætti en samhlíða koma einnig burðarvirkisuppdættir þar sem m.a. er komið inn á ýmiss konar álag á byggingar og brunahönnun. Fjallað er um algengustu útfærslur burðarvirkja úr tré, byggingatæknilegar lausnir, hönnunarforsendur, verklýsingar með tilliti til m.a. efniskrafna og einangrunar. Nemendur kynnst mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og fá þjálfun í gerð efnislista og kostnaðarútreikninga á grundvelli hönnunargagna. Áfanginn er ætlaður húsasmíðum og byggist á verkefnavinnu með leiðsögn kennara


Áfangamarkmið

Nemandi

- þekki trévirki timburhúsa og útfærslur einstakra byggingarluta
- þekki íslenska staðla um timbur og festingar í burðarvirki húsa
- þekki helstu fagheiti á byggingar- og burðarvirkisuppdráttum
- viti deili á mátkerfi fyrir byggingariðnaðinn og hagnýtingu þess
- geti lesið og unnið með teikningar af timburhúsum og trévirkjum
- þekki gerðir uppdráttar og teikninga og öll almenn teiknitákn
- geti lesið og skilið merkingar og verklýsingar á teikningum
- geti gert efnislista og einfalda kostnaðarútreikninga á grundvelli teikninga
- hafi innsýn í tæknilegar útfærslur vegna álags og einangrunar
- geti teiknað algengustu deililausnir trévirkja og lítið timburhús
- þekki teiknaðferðir og teiknireglur fyrir trévirki og timburhús
- geti gert rissmyndir af deililausnum einstakra byggingarluta úr tré
- geti gert uppdætti af litlu timburhúsi og deiliteikningar trévirkja

Vika	Námsefni	Verkefni
34	Kynning	
34–48	Teiknaðar verða valdar teikningar úr sumarhúsi VMA með áherslu á burðarvirki, festingar, efni og verklýsingar.	

Athugið: Með vikunúmer er átt við vikur ársins eins og á dagatalinu í INNU.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2		
Teikningar og verklýsingar í húsasmíði TEH 203 Kennsluáætlun haustannar 2010		

Námsgögn	
Bækur	Útveggjaklæðningar , IÐNÚ 2005
Ljósrit	Sumarhús VMA 2010–2011
Annað	Timburhús e. Anders Frøstrup, IÐNÚ 1996 – bókasafn VMA

Námsmat	Lýsing	Vægi
Leið 1	Öllum verkefnum annarinnar skilað útprentuðum á A2 blöð og í möppu	100%
Leið 2	Nemandi sem ekki lýkur öllum verkefnum annarinnar tekur lokapróf sem gildir 30% á móti 70% verkefnaskilum á A2 blöðum	

Kennsluáætlun þessa er einnig að finna á <http://www.vma.is/namid/>

Réttur til breytinga áskilinn

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils